

Alþjóðleg efnahagssamvinna

Fjárhagsþáttur



Alþjóðaviðskipti eru nauðsynleg.

Styrjaldir setja efnahagskerfi þjóðanna úr skorðum og stífla eðlilega viðskiptafarvegi milli landa. Er síðasta heimsstyrjöldin glöggt dæmi um slíkt eyðileggingarstarf. Að henni lokinni höfðu ekki eingöngu akrar Evrópu verið sviðnir, iðjuver hennar verið lögð í rústir og framleiðslugeta álfunnar í heild verið lömuð, heldur voru gamlar efnahagsheildir skornar í sundur með nýjum landamærum, og ríkin kepptust við að vernda gerviframleiðslu ófriðarins með kínverskum tollmúrum og viðhalda gengi verðsvikinnna mynta með gjaldeyrishöftum.

En reynslan hefur kennt mönnum, að það er dýrt fyrir þjóðir að inniloka sig og taka ekki þátt í alþjóða verkaskiptingu, því að velmegun og góð lífsskjör þjóðanna byggjast á miklum millilandaviðskiptum.

Þeim hefur því fjölgað, leiðtogum þjóðanna, sem tekið hafa undir með enska hagfræðingnum Keynes, sem sagði, að verzlunarhömlur væru tæki, sem þjóðirnar hefðu fundið upp til þess að gera sjálfar sig og aðrar fátækari.

Á síðustu tveim árum hefur verið kvaddur saman fjöldi ráðstefna til þess að reyna að auka heimsviðskiptin og draga úr viðskiptahömlum milli landa, og alþjóðlegar stofnanir settar á fót til margháttaðrar fyrirgreiðslu við verzlun og viðskipti. Þar sem Ísland er aðili að ýmsum

þessara stofnana og það skiptir okkur miklu máli, hvort starfsemi þeirra kann að bera einhvern árangur, ætla ég í þessum pistli að gera örstutta grein fyrir nokkrum helztu alþjóðaviðskiptastofnunum og öðrum skyldum samtökum. Stofnunum þessum má aðallega skipta í tvo hópa, þær, sem starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna, og þær, sem starfa utan þeirra vébanda.

Efnahagssamvinna á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Mun ég fyrst minnast á þær stofnanir, sem eru á vegum Sameinuðu þjóðanna. — Stofnskrá Sameinuðu þjóðanna var, eins og kunnugt er, undirrituð af 50 þjóðum á ráðstefnu í San Francisco 26. júní 1945. En Ísland gekk í samtökin 19. nóv. 1946. Stofnskráin hefst á almennri greinargerð, eða nokkurskonar stefnuskrá, og er þar meðal markmiða talið, að keppa beri að eflingu fjárhagslegra og félagslegra framfara og alþjóða samvinnu um lausn þeirra mála. En í stofnskránni er gert ráð fyrir, að sérstök stofnun, „Fjárhags- og félagsmálaráðið“ (Economic and Social Council), fari með þessi verkefni, og það viðurkennt sem ein af sex aðaldeildum Sameinuðu þjóðanna, enda á það að starfa beint undir eftirliti og yfirstjórn Allsherjarpingsins. — Í X. kafla stofnskrárinnar, 61.–72. gr., er skýrt frá störfum og viðfangsefnum ráðsins. Eru

þau tvíþætt, efnahagsmál og félagsmál. Verður félagsmálunum sleppt hér, en aðeins vikið að efnahagsmálunum.

Fjárhags- og félagsmálaráðið hefur fast aðsetur í New York, og á skrifstofa þess þar að annast allskonar rannsóknir á atvinnulífi þjóðanna og beita sér fyrir alþjóðlegum ráðstefnum um þessi efni, setja á stofn nefndir til þess að leysa einstök viðfangsefni og koma fótum undir eða hafa samvinnu við stofnanir á þessum sviðum.

Helztu efnahagsnefndirnar, sem ráðið hefur stofnsett, eru: 1. Efnahagsnefnd Evrópu, 2. Efnahagsnefnd Asíu, 3. Efnahags- og atvinnunefndin, 4. Fjármálanefndin, 5. Talfræðinefndin, 6. Flutninga- og samgöngunefndin.

Efnahagsnefnd Evrópu.

Hér mun aðeins rúm til þess að minnst á eina þessara nefnda, Efnahagsnefnd Evrópu (E. C. E.). Tók hún til starfa 2. maí 1947 og hefur aðsetur í Genf. Framkvæmdastjóri var kjörinn sænski prófessorinn Gunnar Myrdal.

Þátttakendur eru þær Evrópuþjóðir, sem eru meðlimir Sameinuðu þjóðanna, og Ísland þar á meðal. Aðalviðfangsefni nefndarinnar er að vinna að aukinni efnahagsstarfsemi í álfunni og auknum viðskiptum milli Evrópuþjóðanna innbyrðis og við aðrar þjóðir. Meginverkefnið síðustu mánuðina hefur verið að reyna að koma á vaxandi viðskiptum milli Vestur- og Austur-Evrópu. — En til þess að gera viðskipti þarf að minnsta kosti tvo aðila, og hér, eins og á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna, hefur allt strandað á afstöðu Rússa. Árangurinn af starfi nefndarinnar hefur því til þessa verið lítill, nema hvað hún hefur aflað mikilla tölulegra upplýsinga og gefið út fróðlegt yfirlit og bollaleggingar um þau efni.

Alþjóða matvælastofnunin.

Auk áðurtaldra nefnda hefur ráðið ýmist komið á fót eða tekið síðar undir sinn verndarvæng fjórar stofnanir um efnahagsmál. Þær eru Matvæla- og landbúnaðarstofnunin, Alþjóða gjaldryrissjóðurinn, Alþjóða bankinn og Alþjóða viðskiptamálastofnunin.

Það var upphaf Matvæla- og landbúnaðarstofnunarinnar, eða FAO, eins og hún er almennt kölluð, að Bandamenn kvöddu til fundar í Hot Springs í Bandaríkjunum í maí 1943. Dagskrá

fundarins var að ræða matvælastofnina, sem menn bjuggust almennt við að yrði að ófriðnum loknum. Á fundi þessum var lagður grundvöllur að Matvælastofnuninni, enda þótt hún tæki ekki til starfa fyrr en tveim árum síðar. 47 ríki eru nú þátttakendur í stofnuninni, og gerðist Ísland meðlimur hennar 9. nóv. 1946.

Matvælastofnunin varð fyrsta sérstofnun Fjárhags- og félagsmálaráðsins, og átti viðfangsefni hennar að vera að *frelsa mannkynið frá skorti*. Í stefnuskrá stofnunarinnar er tilgangurinn orðaður þannig, að stofnunin eigi að vinna að bættum lífskjörum allra þjóða, aukinni framleiðslu, betra dreifingarkerfi matvæla og umbótum á lífsskilyrðum þeirra, sem vinna að matvælaframleiðslunni.

Fyrsti framkvæmdastjóri stofnunarinnar varð hinn kunni, brezki vísindamaður, John Boyd Orr. Safnaði hann að sér fjölda sérfræðinga og kunnáttumanna í næringarfræðum, landbúnaðarvísindum o. fl., til þess að afla upplýsinga og leysa úr framleiðsluvandamálum þjóðanna. Verkefni stofnunarinnar greindust skjótlega í tvennt, að leysa úr hinum bráða skorti og að gera áætlanir um framtíðarskipan matvælaframleiðslunnar í heiminum.

Sérstakri deild var falið að reyna að bæta úr skorti hinnar líðandi stundar, skipti stofnun sú t. d. niður milli landa aðstoð þeirri, sem UNRA veitti og deildi einnig niður ýmsum vörutegundum, sem mestur skortur var á í heiminum, svo sem feitmeti, sykri o. fl. Nú hefur nefnd þessi hætt allri vöruskömmun.

Ísland varð ekki aðili að þessari deild, og voru því íslenskar útflutningsvörur aldrei háðar afskiptum hennar. Starfsemi Matvælastofnunarinnar hefur mjög falizt í ráðleggingum og leiðbeiningum, t. d. sendi hún sérstaka ráðgefandi nefnd í landbúnaðarmálum til Grikklands og aðrar nefndir til Ungverjlands, Póllands og víðar. Þá setti Matvælastofnunin upp sérdeildir fyrir skógrækt, næringarrannsóknir, sjávararafurðir og landbúnaðarrannsóknir. Stofnunin hefur og gert sér mjög far um að fræða um nútímataekni og framleiðsluaðferðir með ráðstefnum og fyrirlestrum. Má benda á, að hún hefur boðað til funda um saltfiskframleiðslu, timburframleiðslu, um landbúnaðarvélar, hraðfrystingu, geymslu matvæla og matvælaflutninga, svo að nokkuð sé nefnt. Það má því vafalaust telja, að Matvælastofnunin hafi þegar gert talsvert

gagn, þótt markmið hennar, að láta öllum í té nógan mat við verði, sem bæði framleiðendur og neytendur eru ánægðir með, sé líklega nokkuð langt undan.

Alþjóðabankinn og Gjaldeyrissjóðurinn.

Alþjóðabankinn og Gjaldeyrissjóðurinn eru venjulega nefndir jafnhliða, sökum þess að þeir eru stofnaðir samtímis, og starfsemi þeirra hefur síðar verið nátengd. Fyrstu tildrögin að stofnunum þessum komu fram á ráðstefnu, sem haldin var í Bretton Woods í júlí 1944, en formleg stofnun fór ekki fram fyrr en í desember árið eftir. 44 ríki hafa gerzt þátttakendur í báðum stofnununum, og er Ísland í þeirra hópi. — Hlutverk Gjaldeyrissjóðsins (International Monetary Fund) er að koma á jafnvægi milli gjaldeyris hinna ýmsu þjóða, með því að auðvelda eðlilega gengismyndun og gera myntirnar frjálst breytilegar, og á þann hátt að greiða fyrir aukinni millilandaverzlun. Til þess að fá þessu áorkað hefur sjóðurinn nokkurt fé til ráðstöfunar, sem þátttökuríkin hafa lagt fram, ýmist í dollurum eða eigin mynt. Íslendingar hafa t. d. greitt til sjóðsins \$ 20.000 og lagt inn á reikning bankans í íslenskum krónum upphæð, sem nemur 80.000 dollurum. Ef eitthvert land lendir í örðugleikum með að koma jafnvægi á greiðslujöfnuð sinn, getur það fengið keypta hjá sjóðnum takmarkaða upphæð í erlendum gjaldeyri, til þess að komast úr vandræðunum, og hafa nokkur lönd notað sér þessa heimild. — Ýmis skilyrði eru sett fyrir þátttöku í sjóðnum, t. d. að afnema gjaldeyrishöft eins fljótt og hægt er og að breyta ekki gengi myntar án vitundar sjóðsstjórnarinnar.

Aðaltilgangur Alþjóðabankans (International Bank for Reconstruction and Development) er að veita eða útvega lán til þjóða, sem annaðhvort hafa orðið hart úti í ófriðnum eða eru af öðrum ástæðum að byggja upp framleiðslukerfi sitt. Að nokkru leyti eru lán þessi veitt af stofnfé bankans, sem þátttökuríkin hafa greitt inn, en að öðrum hluta er fjár aflað frá einstaklingum og félögum, sem vilja festa fé sitt erlendis gegn góðri tryggingu. Ísland hefur greitt til bankans 250.000 dollara og lagt inn á reikning hans hér, sem nemur andvirði 750.000 dollara. Allmargar þjóðir, svo sem Hollendingar, Danir, Frakkar o. fl. hafa þegar fengið lán frá bankanum, og mun óhætt að fullyrða, að bæði alþjóða-

gjaldeyrissjóðurinn og bankinn hafi þegar látið nokkuð gott af sér leiða.

Alþjóðaviðskiptastofnunin.

Þá komum við að síðustu efnahagssérstofnun Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaviðskiptastofnuninni (International Trade Organization), eða ITO eins og heiti hennar er skammstafað. Stofnun þessi hefur enn ekki tekið til starfa, en undirbúningi hennar er þó senn lokið.

Það var upphaf málsins, að Fjárhags- og félagsmálaráðið skipaði nefnd til þess að undirbúa myndun stofnunar, sem hefði forgöngu um lækkun tolla, afnám viðskipta- og gjaldeyrishafta og sæi um hverskonar fyrirgreiðslu um aukin heimsviðskipti. Nefndin tók tollana fyrst til meðferðar og boðaði til fundar um það efni í Genf í apríl 1947. Niðurstaða fundarins varð sú, að 23 ríki gerðu með sér samninga um viðtækar tollalækkunarir. Eru samningar þessir venjulega nefndir GATT-samningar (General Agreement on Trade and Tariffs). Einkum hafði það mikla þýðingu, að Bandaríkin voru aðilar að samningnum og lækkuðu samkv. honum tolla á mörgum vörutegundum, og á það að auðvelda öðrum þjóðum innflutning til Bandaríkjanna og öflun dollara. Næsta sporið var, að kölluð var saman alþjóðaviðskiptaráðstefna í Havana á Kúbu í nóv. 1947. Tóku um 50 þjóðir þátt í henni, og gerði fundurinn uppkast að stofnskrá fyrir fyrirhugaða viðskiptastofnun. Nú hefur enn á ný verið haldinn fundur í Armbej í Frakklandi. Fundur þessi hófst um miðjan apríl s.l. og mun væntanlega standa fram í september. Sitja hann auk áður nefndra 23 ríkja 13 ríki til viðbótar, sem gerast vilja aðilar að tollasamningnum. Í náinni framtíð má vænta þess, að boðað verði til stofnfundar um myndun viðskiptastofnunarinnar. — Ísland hefur ekki ennfé sér fært að taka þátt í tollalækkunarsamningnum eða undirbúningi að viðskiptastofnuninni, og er ástæðan til þess hið óeðlilega viðskiptaástand hér á landi og hin óvenjulega þýðing, sem tollarnir hafa sem tekjstofn fyrir íslenska ríkið.

Efnahagssamvinna Norðurlanda og tollabandalag Evrópu.

Utan samtaka Sameinuðu þjóðanna hafa margvíslegar tilraunir verið gerðar til þess að koma á auknum og frjálsari heimsviðskiptum. Má þar

nefna Brüssel-nefndina til athugunar á myndun evrópsks tollabandalags, norrænu efnahagsnefndina, Marshallaðstoðina og margar fleiri stofnanir.

Ég mun hér fara fljótt yfir sögu norrænu efnahagsnefndarinnar og stofnunar þeirrar, sem hefur til athugunar myndun evrópsks tollabandalags, því að það er viðamikil efni, sem ég mun e. t. v. síðar rita sérstaka grein um. Það var upphaf norrænu efnahagsnefndarinnar (Det felles nordiske udvalg for økonomisk samarbejde), að utanríkisráðherrar Norðurlandanna fjögurra, Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, héldu með sér fund í Oslo í byrjun febrúarmánaðar 1948 og ákváðu að setja á fót nefnd, til þess að efla norræna efnahagssamvinnu. Var nefndin skipuð tveim fulltrúum frá hverju landanna og tók til starfa 1. júní 1948. Síðan hefur nefndin haldið reglulega fundi á tveggja mánaða fresti, ráðið fasta ritara fyrir hvert landið um sig og skipað undirnefndir, sem starfað hafa samfelldt að ýmsum viðfangsefnum, þó aðallega að athugun á myndun norræns tollabandalags. Ísland hefur ekki tekið neinn beinan þátt í síðastnefndum athugunum.

Tildrög þess að mynduð var nefnd til athugunar á möguleikum fyrir evrópsku tollabandalagi (European Customs Union Study Group) voru, að hinar 16 svonefndu Marshall-þjóðir ákváðu á fundi sínum í París í september 1947, að beita sér fyrir slíkum athugunum. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í Brüssel í byrjun nóvember 1947, og sóttu hann fulltrúar frá ríkjum sextán. Hefur síðan verið sett upp föst stofnun í Brüssel, sem hefur mál þessi til meðferðar. Þar hefur verið unnið mikið og athvöglisvert starf, sem er að vísu enn í miðjum klíðum.

Marshall-aðstoðin.

Forsaga þess máls mun mönnum í fersku minni, svo að hún skal ekki rakin hér nema í fáum atriðum. — Bandaríkin höfðu látið í ljós vilja sinn til þess að láta Evrópuþjóðirnar hafa 16–17 milljarða dollara, til þess að koma á ný fótum undir atvinnulíf sitt, á fjórum árum. 16 Evrópuþjóðir og hernámssvæðin í Þýskalandi þekktust þetta boð og héldu 16. apríl 1948 með sér fund í París, þar sem þær gerðu með sér samninga um málið og ákváðu að koma á fót sérstakri stofnun, sem hafa skyldi á hendi yfir-

stjórn á dreifingu aðstoðarfjárins. Stofnun þessi hefur verið nefnd Fjárhagsráð Evrópu (skammstafað O.E.E.C.) og hefur það aðsetur í París. Öll þátttökuríkin og þar á meðal Ísland hafa fulltrúa hjá stofnuninni. Sérstakt framkvæmdaráð fer með stjórnina milli funda, og er Spaak fyrrv. forsætisráðherra Belgíu forseti þess.

Bandaríkjamenn stofnsettu svo heima fyrir sérstaka efnahagssamvinnunefnd, (skammstafað: E.C.A.) til þess að annast yfirstjórn aðstoðarinnar að sínu leyti. Framkvæmdarstjóri nefndarinnar er Paul Hoffman, og sérstakur fulltrúi hans hjá Fjárhagsráði Evrópu er Harriman sendiherra. Hvert hinna 16 ríkja gerði sérsamning við Bandaríkin um efnahagsaðstoðina, og var samningur milli Bandaríkja og Íslands undirskrifaður 3. júlí 1948.

Marshall-aðstoðin er aðallega veitt með þrennu móti, sem lán, gjöf eða skilyrðisbundin gjöf, þ. e. a. s. þá kaupa Bandaríkin vörur af einni þjóð og gefa annarri.

Íslendingar hafa þegar fengið talsverða Marshall-aðstoð, eða 10 milljónir dollara, sem samsvorar um 65 milljónum íslenskra króna. Þar af voru 2,3 milljónir dollara teknar sem lán, en 5,2 milljónir dollara voru skilyrðisbundin gjöf, eða með öðrum orðum, Bandaríkin keyptu af okkur hraðfrystan fisk, lýsi og mjöl og gáfu til Þýskalands og Austurríkis, og svo 25 millj. bein gjöf. Lánsféð var notað til að koma upp síldarverksmiðjum við Faxaflóa, endurbyggja geymslúshús síldarverksmiðjunnar á Siglufirði og til greiðslu á veiðarfærum. Hinn hluti fjárins var notaður til kaupa á matvælum, áburði, varahlutum í vélar, smurningsolíu og brennsluolíu fyrir togarana o. fl., og mun óhætt að fullyrða, að hér hefði orðið beinn skortur á þessum vörum, ef Marshall-aðstoðarinnar hefði ekki notið við, auk þess sem hinn erfiði hagur hraðfrystihúsanna hefði enn versnað, ef ekki hefði verið hægt að selja hraðfrysta fiskinn með aðstoð Marshallstofnunarinnar. Ætti þetta að vera ærið íhugunarefni fyrir þá, sem mest hafa gagnrýnt þátttöku Íslands í Marshall-samvinnunni.

Að lokum vil ég svo aðeins segja, að það væri óskandi fyrir Ísland, að allar þessar tilraunir til þess að afnema viðskiptahömlur og auka heimsviðskiptin mættu heppnast, því að ef Íslendingum tekst að koma þjóðarbúskap sínum á réttan kjöl, þá hafa þeir þjóða mestan hag af frjálsri utanríkisverzlun.

Birgir Kjaran.